

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rauða torgi.

#### 1. gr.

Frá og með 26. janúar 2012 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á Rauða torgi, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°15,60'N - 011°31,00'V
2. 65°15,60'N - 011°07,00'V
3. 65°00,00'N - 011°07,00'V
4. 64°48,50'N - 011°15,50'V
5. 64°48,50'N - 011°34,50'V
6. 65°02,80'N - 011°26,20'V
7. 65°08,10'N - 011°26,50'V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 23. janúar 2012.*

F. h. r.

**Hrefna Karlsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*